

8. júní 2015

**Stjórnarfundur Foreldrafélags Kelduskóla
Kelduskóli Korpa - kl. 20:00 til 22:00**

Mætt: Olga (fráfarandi formaður), Ásdís, Ævar, Ásta (fráfarandi ritari), Kristín (fráfarandi gjaldkeri), Kristjana, Ásdís, Bryndís, Arnar, Hanna, Valgerður, Íris.

Fjarverandi: Sigurbjörg Ásta, Sigrún Helga (fráfarandi varamaður), Sigríður (fráfarandi röltstjóri og meðstjórnandi), Kristín Lóa (fráfarandi röltstjóri og meðstjórnandi).

Ný stjórn skiptir með sér verkum

Embættin eru: formaður, ritari, gjaldkeri, 4 meðstjórnendur, 2 varamenn. Að auki hefur einn meðstjórnandi tekið að sér að vera röltstjóri.

Niðurstaðan var:

Ásdís (meðstjórnandi)
Ævar (varamaður og stuðningsfulltrúi fyrir röltstjóra)
Kristjana (meðstjórnandi)
Bryndís (ritari)
Arnar (meðstjórnandi)
Hanna (meðstjórnandi)
Valgerður (gjaldkeri)
Íris (formaður)
Sigurbjörg Ásta (meðstjórnandi)

Miðað við þessa niðurröðun eru 5 meðstjórnendur og 1 varamaður og auk þess á eftir að skipa röltstjóra. Ný stjórn gengur endanleg frá skiptingu embætta á næsta fundi.

Viðburðir

Skipulag viðburða hefur verið þannig að einn aðili úr stjórn Korpumegin og annar Víkurmegin sjá saman um viðburð. Þessir aðilar senda póst á bekkjarfulltrúa sem boða foreldra á sameiginlegan undirbúningsfund fyrir viðburðinn.

Fjöldi stjórnarmeðlima dugir ekki til að dekkja alla viðburði og er nýrri stjórn bent á að hafa samband við aðila í fráfarandi stjórn til að taka að sér viðburði.

Bæta má hvernig haldið er utan um skráningu foreldra á viðburði. Í dag er fyrirkomulagið þannig að bekkjarfulltrúar skila inn heildaryfirliti fyrir bekkinn og skiptingu foreldanna á viðburði. Þannig er erfitt að fá yfirlit yfir alla foreldra sem eiga að sjá um tiltekinn viðburð. Ný stjórn ætlar að kanna leiðir til að bæta þetta.

Foreldrarölt

Ævar sagði frá röltinu. Á þessu ári var því skipt þannig að hver árgangur sá um einn mánuð. Það var upp á að 8. bekkur væri ekki með rölt í kringum fermingatímann.

Röltstjóri í stjórn sá um að senda póst á röltstjóra í viðkomandi árgangi og koma rölpokum til skila til þeirra.

Í þessu samhengi var rætt um að vart hefur orðið við dópsölu í Spönginni. Einnig var töluvert rætt um þetta mál á síðasta fulltrúaráðsfundi. Þar var einnig rætt um hvernig hægt væri að breyta foreldraröltinu til þess að hafa fyrirbyggjandi áhrif hér. T.d. að röлта á kvöldum þar sem félagsmiðstöðin starfar. Einnig er gott að vera í samstarfi við félagsmiðstöðina til að finna góðan tíma til að röлта.

Tölvukostur foreldrafélagsins

Fengin var tölva gefins sem gaf upp öndina á páskabingói. Ný stjórn getur tekið til umfjöllunar hvort hún athugi með að útvega aðra vél.

Fræðsla

Foreldrafélagið stendur fyrir fræðslu fyrir foreldra og krakka. Kynfræðsla er á tveggja ára fresti og átti að vera í ár. Sexting fyrirlestur var hins vegar tekin fram fyrir í þetta sinn. Því ætti að hafa kynfræðsluna á næsta skólaári.

Fjáraflanir

Nýrri stjórn er bent á að skipuleggja vel hvernig fjáröflunum verður háttað og þessu verði úthlutað í upphafi haustsins. Ákveðnum árgöngum er boðið að hafa fjáröflun á tilteknum viðburðum. Árný skólustjóri hefur talað um að skólinn geti komið meira að þessu.

Einnig var rætt um að mikilvægt væri að tala um ferðir í skólabúðir á fyrsta fulltrúaráðsfundinum og ítreka mikilvægi þess að bekkjarfulltrúar kynni ferðirnar vel fyrir foreldrum í bekkjunum.

Önnur mál

Rætt var um skipulag starfsins og hvað er rætt um á stjórnarfundunum. Bent var á að fundargerðir fyrri ára eru aðgengilegir á heimasíðu Kelduskóla. Gagnlegt er að lesa þær.

Öll skjöl um viðburði eru geymd á google drive svæði foreldrafélagsins. Sér í lagi skýrslur um viðburði og hvað má bæta á næsta ári.

Mikilvægt er að stjórnin byrji af krafti strax eftir að skólinn er settur og fundi til að skipuleggja starfið og fyrsta fundinn með bekkjarfulltrúunum.

Kristín benti á að Samfok er með námskeið fyrir bekkjarfulltrúa. Gott er að ný stjórn kanni þetta fyrir fyrsta fulltrúaráðsfundinn. Foreldrafélagið greiðir árgjald í Samfok og í Heimili og skóla.

Næsti fundur verður haldinn í upphafi skólaársins, fimmtudaginn 27. ágúst kl. 20 í Vík.